

**88** stutta námstíma, hljóti að álíta það óskilegt, að kennararnir takmarki, sem mest má  
25. maí. verða, fyrirlestra, sem þarf að skrifa upp, og að þess vegna verði skorað á kennarana, annaðhvort að láta prenta fyrirlestra sína, eða þá stuttar kennslubækur í vísindagreinum þeim, er þeir kenna, og má búast við, að til þess verði veittur styrkur af fje því, sem ætlað er til vísindalegra fyrirtækja í fjárlögunum, ellegar að nota þær kennslubækur, sem aðrir rithöfundar hafa samið á íslensku, dönsku eða þýzku, og sem þeir kynnu að álíta vel fallnar til að við hafast sem undirstaða eða viðauki við fyrirlestrana.

**89** — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um reglur fyrir byggingu  
25. maí. á þjóðjörðum. — Með þóknanlegu brjefi frá 19. febrúar þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ályktun alþingis í fyrra, þar sem þingið lætur í ljósi álit sitt um reglur þær, er fylgja skuli við bygging þjóðjarða, og hafið þjer þar að auki skýrt ráðgjafanum frá yðar eigin skoðunum og tillögum lútandi að þessu máli.

Þar eð ráðgjafinn hefir í aðalatriðunum getað fallizt á athugasemdir þær og tillögur, sem þjer, herra landshöfðingi, hafið gert í þessu tilliti, eru hjer með eptirfylgjandi reglur ákveðnar, er gæta skal, þegar fyr nefndar jarðir verða byggðar eptirleiðis:

1. Landskuldina af jörðum landssjóðsins ber eptirleiðis að ákveða í byggingarbrjefunum eptir meðalverði allra meðalverða, er greiðist annaðhvort í peningum eða «innskript» hjá kaupmönnum, sem hlutadeigandi umboðsmaður tekur gilda, eða þá með eptirnefndum landaurum: sauðfjenadi, hvítri ull, smjöri, fiski og dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá ár hvert, enda sje það verð eigi hærra, en gangverð í gjalddaga. Í staðinu fyrir aukakvaðir þær, sem hingað til hafa verið áskildar í einstökum byggingarbrjefum, svo sem mannslán, hrishesta, dagsláttur og þess konar, skal framvegis hækka landskuldina að rjettri tiltölu við verðhæð kvaðanna.

Samkvæmt ákvörðun þessari skal við næstu ábúanda skipti á jörð hverri ákveða landskuldina eptir meðalverði allra meðalverða; en það er geymt síðari tímum að gera út um það, hvort fylgja skuli fram reglu þessari með tilliti til þjóðjarða þeirra í vestur-umdæminu, þar sem ábúöndunum nú um stund er veitt tilslökun í greiðslu landskuldarinnar.

Í byggingarbrjefum þeim, sem hjer eptir verða útgefin fyrir þjóðjörðum í Arnarstapa umboði, verður að gjöra þá ákvörðun, að leiguliðar megi ekki leigja öðrum út frá sjer tómthús þau, er fylgja jörðunum, öðruvísi en gegn eptirgjaldi annaðhvort í peningum eða landaurum.

2. Eptirleiðis skal í byggingarbrjefum ákveða kúgilda-leigurnar eptir meðalverði allra meðalverða eða eptir verði á smjöri, og ber að greiða þær á sama hátt, sem að ofan er ákveðið um landsskuldargjaldið.

3. Gjöra skal þjóðjarðalandsetum kost á, að greiða gjöld þau, sem nú eru ákveðin í byggingarbrjefunum, eptir meðalverði allra meðalverða þannig, að hið nýja álnatal finnist með því að leggja gjöld þau saman, er leiguliðinn hefur greitt næstliðin 5 ár, reiknuð til peninga og skipta síðan samanlögðu upphæðinni með meðaltali á meðalverði allra meðalverða, hin nefndu fimm ár. Sama kost ber og að gjöra leiguliðunum á þjóðjörðum á Vestmannaeyjum.

4. Þegar byggingarskilmálar eru eptirleiðis ákveðin í byggingarbrjefum, verður að hafa tillit til skýrslna þeirra og uppástungna, sem eru útvegaðar samkvæmt fyrirmælum landshöfðingja í umburðarbrjefi frá 19. september 1877, og sem hafa verið bornar

undir alþingið 1879, eptir að þessar skýrslur, að því er hin einstöku umboð snertir, þar sem ekki er skýrt ákveðið, hvað afgjald að líklegt sje, að gæti fengist af hinum einstöku jörðum, sem liggja undir sama umboð, — eru auknar með ítarlegri skýrslum, sem landshöfðinginn mun annast um að fáist á þann hátt, sem tiltekinn er í nýnefndu umburðarbrjefi. Að svo miklu leyti sem ekki verður með þessu móti útveguð nægilega nákvæm skýrsla að því er snertir einhverja einstaka umboðsjörð, skal meta hana til árlegs afgjalds af tveimur búfróðum mönnum, er sýslumaður hefur þar til kvatt, og sem ekki eiga heima í þeim hreppi, þar sem um rædd jörð liggur í.

Jafnhliða hinum áðurnefndu skýrslum ber einnig að hafa tillit til þess ræktunarárstands, sem jörð sú er í, er laus er úr byggingu, það er að segja, hvort hún (jörðin) hafi batnað eða versnað síðan.

5. Með tilliti til aðferðar þeirrar, sem fylgja skal við byggingu þjóðjarða, skal gæta eptirfylgjandi regla:

a. Þegar umboðsjörð losnar úr ábúð, ber umboðsmanni að auglýsa þetta á kirkjufundum í næstu sóknunum, og víðar, eptir því, sem amtmaðurinn fyrir skipar fyrir hvert umboð, og hvetja í auglýsingunni þá, sem hafa hug á jörðunni, að snúa sjer til hans að tilteknum tíma liðnum viðvikjandi byggingarskilmálunum.

b. Ef nú samkvæmt þessari auglýsingu einhver gefur sig fram, er umboðsmaður álitur dugandis mann og fullveðja, og sem býðst til að svara hinum árlegu jarðargjöldum, sem amtsráðið hefir stungið upp á eða mælt fram með í skýrslum þeim og uppástungum, sem getur um í 4. atriði, enda sje það boð ekki minna en álnatal það, er áður hefir goldizt af jörðunni, hefir umboðsmaðurinn heimild til, sem áður, að byggja honum jörðina að áskyldu samþykki amtmannsins, en þó þannig, að ef fleiri jafnhæfir menn sækjast eptir sömu jörð, þá ráði amtmaður, hvern velja skal.

c. Nú fæst ekki afgjaldsupphæð sú, sem amtsráðir hefir stungið upp á eða mælt fram með, eða það kemur fyrir, að nauðsynlegt þykir að lækka þá álnatölu afgjaldsins, sem hingað til hefir verið, og ber þá umboðsmanni að skýra amtmanni frá öllum tilboðum þeim, sem til hans hafa komið. Amtmaðurinn hefir vald til að samþykkja bygging jarðarinnar eptir hinum boðnu kostum, svo framarlega sem afgjaldsupphæð sú fæst, sem hlutaðeigandi sýslunefnd hefir stungið upp á eða samþykkt.

d. Að öðrum kosti leitar amtmaðurinn álits hlutaðeigandi sýslunefndar um hin gjörðu tilboð, og sendir svo landshöfðingjanum málið til úrskurðar.

e. Það skal vera adalregla, að byggingarbrjefin heimili leiguliðum æfilanga ábúð. En ef fyrrgreindar reglur um, hvernig byggingarskilmálarnir skuli ákveðnir, eða aðrar ástæður gjöra það ómögulegt að semja um lífstíðarábúð á einhverri jörð fyrir þá fardaga, er jörðin losnar úr byggingu, verður umboðsmaðurinn að byggja jörðina til bráðabirgða á þann hátt, sem haganlegastur er fyrir umboðssjóðinn, til dæmis með því að byggja hana að eins um eitt ár.

6. Eins og að undanförunu ber að gjöra það að skilyrði í byggingarbrjefinu fyrir þjóðjörðum, að leiguliði sje skyldur til að framkvæma árlega án þóknunar eða línunar í landskuldinni tilteknar jarðabætur, er framkvæmdar verða með fólksaflla þeim, sem til er á jörðunni.

Til hinna umfangsmeiri jarðabóta, sem útheimta leigða verkamenn, og sem baka landsetanum talsverðan og sjerstakan kostnað, mun hann mega eiga von á styrk af umboðssjóðnum. Skilyrðið fyrir því, að slíkur styrkur veitist, er það, að samþykki landshöfðingja

**89** sje fyrir fram fengið til fyrirtækis þess, sem um er að ræða. Samfara því, sem sam-  
 25. maí. þykkið er veitt, ákveður landshöfðingi, að svo miklu leyti sem hann eptir ástæðum á-  
 litur rjett að styrkja fyrirtækið, skilyrðin fyrir framkvæmd fyrirtækisins, og hversu  
 mikill styrkurinn skuli vera, sem til þess verði veittur úr umboðssjóði. Styrkurinn á,  
 þegar á allt er litið, ekki að vera meiri en svo, að hann svari helming af kostnaði  
 þeim, sem leiðir af hinu umrædda fyrirtæki, en þó má veita, ef sjerlegar ástæður mæla  
 með því, allt að  $\frac{3}{4}$  kostnaðarins. Alstaðar, þar sem styrkur er veittur, ber að hækka  
 landskuldina, eptir því sem landshöfðingi nákvæmar tiltekur að minnsta kosti með 4 af  
 hundraði þeirrar upphæðar, sem veitt er í styrk. Að svo miklu leyti sem slíkar jarða-  
 bœtur hafa verið unnar af leiguliða, án þess þar til hafi verið útvegað samþykki lands-  
 höfðingja, verður að gjöra út um það eptir hinum almennu lögum, hvort honum verði  
 veitt endurgjald úr umboðssjóði.

7. Umboðsmennirnir skulu skyldir til að hafa nákvæmt eptirlit með byggingar-  
 skilmálum þeim, sem ákveðnir eru fyrir hverja einstaka þjóðjörð, og einkum ber þeim að  
 minnsta kosti einu sinni á ári að koma á hverja þá umboðsjörð, sem þeir hafa umsjón  
 með, sem og senda amtmanni fyrir janúarmánaðar lok skýrslu um eptirlit það, sem þeir  
 þannig hafi haft hið liðna ár, og á sú skýrsla einkum að hljóða um þau jarðabótastörf,  
 sem leiguliðar hafa unnið samkvæmt byggingarbrjefunum, sem og allt það, sem getur  
 verið áriðandi að vita, til þess að geta haft rjetta hugmynd um ástand umboðsjarðanna  
 að öllum jafnaði.

Loksins læt jeg ekki hjá liða þjónustusamlega að bæta því við til þóknanlegrar  
 leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að jeg samkvæmt tillögum yðar þar að lútandi fellst  
 á, að eptirleidis verði gjörður sameiginlegur umboðsreikningur fyrir hvert af neðan nefnd-  
 um umboðum:

a, Kirkjubæjarklaustur með Flögujörðum og Þykkvabæjarklaustri;  
 b, Arnarstapa og Skógarstrandarumboð;  
 c, Munkaþverárklosturs vestra og nyrðra hluta,  
 og eiga þau, eins og hingað til, að heyra undir sama umboðsmann, og að undir eins  
 og kringumstæðurnar leyfa það, neðan nefndar fyrverandi spítalajarðir leggist saman við  
 umboð þau, er nú skal greina:

1. Hörgsland saman við umboð það, sem nefnt er undir a að framan.
2. Hallbjarnareyri saman við umboð það, sem nefnt er undir b að framan.
3. Möðrufell við umboð það, sem nefnt er undir c að framan.

**90** — Brjef landshöfðingja til landfógeta um lán handa stiptyfirvöldunum. —  
 27. maí. Eptir beiðni stiptyfirvaldanna samþykkist hjer með, að þeim verði í næstkomandi júní  
 gjalddaga veitt 500 kr. lán úr landssjóði til þess að endurbæta með þessu fje íbúðar-  
 húsin á prestssetrinu Torfastöðum í Árnassýslu og með þeim skilyrðum, að lánið verði  
 endurborgað á 10 árum með 50 kr. árlega, í fyrsta sinn í 11. júní gjalddaga 1881, og  
 að þar að auki verði greiddir 4% ársvextir af því af láninu, sem í hvert sinn er óborgað.

Þetta er tjáð yður, herra landfógeti, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og eruð þjer  
 beðnir að sjá um, að gefið verði út, þegar lánsins er vitjað, reglulegt skuldabrief fyrir  
 því með hliðsjón af hjálögðu uppkasti til slíks brjefs.